

- Vinnsla og vörupróun
- Matvælaöryggi
- Líftækni



Sveppaeiturefni í kornvörum

Ólafur Reykdal, Matis ohf.

Sveppaeiturefni eru aðskotaefni sem geta myndast í sumum tegundum sveppa.



Þessi efni geta skaðað heilsu manna og dýra og valdið efnahagslegu tjóni í landbúnaði. Á árunum 2007 og 2008 tóku nokkur Evrópulönd þátt í verkefni um sveppaeiturefni í hveiti til matvæla- og fódurframleiðslu. Leitað var vísbendinga um áhættu vegna þessara efna.

Rannsóknir skortir á myndun sveppaeiturefna við íslenskar aðstæður en líklegt er að lágur umhverfishiti hindri myndun margra þeirra á akri. Það myndi vera mikilvæg sérstaða fyrir íslenskan landbúnað.

Sveppaeiturefni

Sveppaeiturefni (e. mycotoxin) eru fjölmörg efni sem geta myndast í sumum tegundum myglusveppa. Aflatoxín, okratoxín og fumonisín eru meðal þekktustu sveppaeiturefna. Til að myglusveppir þrífist þarf hæfilegt hitastig, næringarefni, súrefni og nægan raka. Sveppaeiturefni skaða heilsu manna og dýra og meðal þeirra eru öflugustu krabbameinsvaldar sem eru þekktir. Í búfjárrækt geta sveppaeiturefni í fóðri leitt til þess að búfé þrífist verr en ella.

Myconet verkefnið

Í evrópska verkefninu Myconet var leitað vísbendinga um nýframkomna áhættu (e. emerging risk) vegna sveppaeiturefna í hveiti til fódurgerðar og matvælaframleiðslu. Mikilvægustu vísbendingarnar voru rakastig, vatnsvirkni í korni, gæði korns og sáðskipti. Í Evrópu myndast sveppaeiturefni í hveiti einkum meðan plönturnar eru á akri en síður í flutningum og geymslu.

Ályktanir

- Rannsóknir skortir á myndun sveppaeiturefna við íslenskar aðstæður. Ólíklegt er að mörg sveppaeiturefni myndist hér á landi vegna hins lága umhverfishita. Það myndi vera mikilvæg sérstaða fyrir innlenda kornframleiðslu.
- Það er mikilvægt bæði út frá heilsu fólks og efnahag að koma í veg fyrir vöxt myglusveppa á og í matvælum og fóðri og koma þar með í veg fyrir að þeir myndi sveppaeiturefni.
- Eftirlit er haft með sveppaeiturefnum í fóðri og matvælum hér á landi. Eftirlitið er þó mismunandi eftir flokkum matvæla og fóðurs. Einkum vantar að stöðugt eftirlit sé með innflutningi á korni til matvæla- og fódurframleiðslu.



Byggakrar á Íslandi gætu verið lausir við sveppaeiturefni. © Jónatan Hermannsson



Hér hefur mygla hefur náð fótfestu í brauði.

© Soffía Gísladóttir